INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ
Ml. 11.11.4 Ábm [illegible]
Innk. 15. MAR. 2016
IRR 16030185

Innanríkisráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík 28. febrúar 2016

Ég undirritaður, sæki hér með um uppreist æru, vegna dóms sem ég hlaut árið 1997.
Staða mín er sú að ég hef undafarin áríð stundað nám við Háskóla Íslands í og stefni að því að ljúka og í framhaldi af því stefni ég á að fara í meistaranám.
Meðfylgjandi er annars vegar staðfesting á skólavist minni við Háskóla Íslands auk þess sem meðfylgjandi eru meðmælabréf frá einstaklingum sem hafa þekkt mig um langt árabil og geta vottað um aðstæður og hagi mina.
Ef einhverjar upplýsingar eða gögn varðandi hagi mina eða stöðu er óskað þá vinsamlegast hafið samband og ég mun senda allar þær upplýsingar sem óskað er eftir varðandi mig og mina hagi.
Með von um að erindi mínu verði vel tekið og fái jákvæða meðferð.

Virðingarfyllst,

gsm :

Innanríkisráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík 08. O3. 2016

Til þess er málið varðar.

Mér er það bæði ljúft og skylt að votta það með þessu bréfi að ég hef verið samferða undanfarin ár honum og hef þar kynnst ábyrgum og traustum manni sem hefur lagt á sig mikla og heiðarlega vinnu í sjálfan sig og er í dag það sem við köllum, traustur samborgari.

Mér er það því ánægju efni að geta stutt hann með þessu bréfkorni til þess að hann hljóti uppreist æru okkur öllum til heilla.

Ef þið viljið frekari upplýsingar um þetta álit mitt er sjálfsagt að veita það þegar hentar.

Virðingarfyllst,

Þorlákur Morthens – 031053-5799

Innanríkisráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Reykjvík, 5.mars 2016

Til mín hefur leitað vinur minn, vegna umsagnar sem ráðuneytið hefur óskað eftir í sambandi við umsókn hans um að fá uppreist æru.

Ég hef þekkt í hartnær 30 ár. Leiðir okkar lágu fyrst saman þegar við hófum að stunda. Úr varð fallegur vinskapur sem hefur haldist síðan og ég er sannfærð um að muni aldrei rofna.

er einstaklega opinn og hjartahlýr maður og er góður faðir og afi að ég veit.

Hann stundar nám við Háskóla Íslands og hefur sinnt námi sínu af mikilli elju og dugnaði og sér nú fyrir endann á því.

Árið 1997 tekur út sína refsingu og eru 19 ár liðin frá þeim tíma. Ég hef fengið að sjá hann vaxa og dafna og verða að fallegri og stærri einstaklingi á öllum sviðum.

er traustur, heiðarlegur og góður vinur með einstaklega sterka réttlætiskennd. Hann er greiðvikinn og vinamargur enda leita margir til hans í okkar sameiginlega vinahóp.

Ég mæli eindregið með því að fái uppreist æru, þar sem hann hefur með framkomu sinni og viðmóti, eftir að hann tók út sína refsingu ekki sýnt mér né öðrum sem hann umgengst neitt nema góða vináttu og virðingu. Hann á það að mínu mati einfaldlega skilið og hefur fyllilega til þess unnið.

Virðingarfyllst,

Sólveig Eiríksdóttir – kt 240960-2579

T i l l a g a
til
forseta Íslands
um uppreist æru.

fæddur 23. nóvember 1967, til heimilis að hefur farið þess á leit að honum verði veitt uppreist æru sinnar, að því er snertir dóm héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðinn 26. mars 1998, þar sem honum var gert að sæta 2 ára óskilorðsbundinni refsivist fyrir brot á almennum hegningarlögum.

Með því að skilyrði þykja nú vera fyrir hendi til þess að verða við framangreindri beiðni, vil ég leyfa mér að leggja til, að yður, forseti Íslands, mætti þóknast

að veita nefndum uppreist æru sinnar að því er snertir framangreindan dóm.

Í innanríkisráðuneytinu,
19. júlí 2016.

Allravirðingarfyllst,

Ólöf Nordal

Ragnhildur Hjaltadóttir

Fellst á tillöguna.
Reykjavík
8 ágúst 2016
Guðni Th. Jóh.